

# Fundargerð svæðisráðsfundar Sögusvæðis, á Kirkjubæjarklaustri 22. nóvember 2014



## Fundardagskrá

1. Fundarsetning og fundarmenn kynna sig
2. Fundargerð síðustu svæðisráðstefnu lesin og borin upp til samþykktar.
3. Umræður um skýrsur  
--- Kaffihlé ---
4. Kynning á Stífkrampaverkefninu
5. Önnur mál
6. Fundi slitið

## Mættir á fundinn eru:

Ólafur Þ. Guðmundsson, svæðisstjóri – Ölveri  
Pórarinn F. Gylfason, svæðisritari - Ölveri  
Gísli Eiríksson, forseti Ölvers  
Sigurður Einar Sigurðsson, forseti Ós  
Barði Ingvaldsson, kjörforseti Ós  
Ágúst Magnússon, féhirðir Búrfelli  
Jóhann Sveinbjörnsson, ritari Búrfelli  
Didrik Harldsson, forseti Búrfells  
Guðni Guðmundsson, ritari Mosfels  
Sigurður Skarphéðinsson, fráfarandi forseti Mosfels  
Magnús Þorvaldsson, féhirðir Mosfelli  
- gestur í boði Búrfells

Á fundinn vantar fulltúa Helgafells í Vestmannaeyjum, en þeir eiga ekki heimangengt vegna ófærðar og félgar Eldfells í Kópavogi sem mæta ekki.

## Svæðisstjóri setur fundinn kl 14.00

Töf varð á fundargerð síðasta svæðisráðsfundar. Svæðisstjóri fór yfir nokkur mál sem voru rædd á síðasta umdæmisfundi. M.a breytt fyrirkomulag á greiðslum fyrir nýja félag til umdæmisins. Breytingin felst í því að aðlögunartími nýrra félaga verði að jafnaði 2-3 ár. Fyrsta árið yrði frítt. Annað árið yrði aðeins greitt fyrir ½ ár og fullt árgjald, það þriðja. Einnig kom upp misskilningur vegna prentvillu, varðandi kjör á kjör- umdæmisstjóra Hauks Sveinbjarnarsonar, Ósi.



Barði Ingvarsson og S. Einar Sigurðsson, Ósi

### Pá var farið í 3. mál á dagskrá.

Umræður um skýrslur klúbbanna.

Lék mest forvitni fundarmanna á, fjáröflunarverkefnum hinna klúbbanna. Fljótlega kom í ljós, að Búrfellsmenn voru óupplýstir um skýrslurnar, þar sem þeir höfðu ekki fengið þær til yfirlstrar. Umbeðin ósk Ágúst Magnússonar, Búrfelli um, að skýrslurnar yrðu þá lesnar upp. Var það samþykkt. Lásu forsetar eða fulltrúar þeirra klúbba sem voru á fundinum upp sínar skýrslur og undirritaður las svo upp skýrslur þeirra klúbba sem vantaði.

Eftir það, héldu umræður áfram um skýrslurnar, á sama hátt og áður. Menn sátu í sínum sætum og töluðu óformlega og skiptust á hugmyndum varðandi fjáröflun. Sigurður Skarphéðinsson kom með sýnishorn af sælgætisöskju sem Mosfell selur og er þeirra helsta fjáröflun.

Útskýrði hann, hvernig fyrirkomulaginu væri háttað. Innihald kassans er selt og innkoman úr því færir beint inn í styrktarsjóð. Að auki selja þeir auglýsingar / styrktarlínur á kassann en tekjur af þeim fara í félagssjóð. Ágætis upphæðir sköpuðust í hvoru tilfalli fyrir sig og að sögn Sigurðar taldi hann klúbbinn ekki lifa af, ef þessu væri ekki svona háttað. Gísli Eiríksson, Ölveri, tók undir þetta og tjáði fundarmönnum að oft væri þessi



Gísli Eiríksson, Ölveri


lína, óljós um, hvað af verkefnum klúbbsins ættu

að fara í félagssjóð eða í styrktarsjóð og stæði klúbbnum fyrir þrifum. Opnuðu fundarmenn þá þær gáttir sem oft vilja vera lokaðar. Staða félagssjóðs þeirra klúbba sem voru á staðnum var í flestum tilfellum ekki góð og félagsgjöld full há, á félag. Ekki gæti það verið auðvelt að draga inn nýja félag með svo há gjöld. Leiga á fundaraðstöðu og matarkostnaður var að sliga klúbbana. Í ofnág er nokkrir klúbbar í svæðinu á hrakhólum, með fundaraðstöðu og ekki er það, til að bæta ásókn og mætingu félaga.



Magnús Þorvaldsson, Sigurður Skarphéðinsson og Guðni Guðmundsson, Mosfelli

Eftir hlé hafði fundargerð síðasta svæðisráðsfundar borist með tölvupósti og fór nokkur tími í, að finna út, hvernig hægt væri, að opna og lesa á spjaldtölvu svæðisstjóra. Kom berlega í ljós tölvufötlun nokkurra félaga sem töldu sig annars hafa nokkuð vit á fyrirbærinu. Eftir að Sigurður Einar í Ósi hafði loks „krakkað“ sendinguna, var hún lesin upp af undirrituðum með kjamsi og löngum þögnum. Erfitt þótti honum að lesa af skjánum en að lokum komst þetta allt til skila, að ég held. Örfáar athugasemdir komu úr sætum og helst frá Sigurði Skarphéðissyni í Mosfelli um, að ályktanir sem samdar voru á síðasta svæðisráðsfundi hefðu líklega ekki skilað sér til umdæmisstjórnar eða það hefði verið litið fram hjá þeim, á síðasta þingi. Óskaði hann eftir eftirfylgni. Eftir það, var fundargerðin samþykkt, án athugasemda.



*Þórarinn Gylfason svæðisritari*

Til að ýta aftur við þessum ályktunum, hef ég þær með í þessari fundargerð með ósk um, að umdæmisstjórn lesi skýrsluna og taki þetta upp á næsta umdæmisfundi/þingi.

*Svæðisráðsfundur Sögusvæðis haldinn 12 apríl 2014 ályktaar að útgáfu Kiwanisfréttu skuli hætt í prentuðu formi, kostnaðar vegna. Nú á tímum er porri Kiwanis félaga nettengdur sem gerir þeim kleift að lesa fréttirnar á tölvu eða farsíma.*

*Og var álykunin samþykkt.*

*Stefán B Jónsson, Ósi tók saman umræður og skýrði sín sjónamið varðandi upplýsingatækni mál umdæmisins, og varð úr því eftirfarandi ályktun:*

*Svæðisráðsfundur Sögusvæðis haldin 12. apríl 2014 ályktar að vefur og internetið verði notað til að bæði markaðssetja og aðstoða félaga og embættismenn Kiwanis. Til að ná þeim markmiðum er nauðsyn að vefur sé rit og aðgangs-stýrður, ekki séu allar upplýsingar td. spjall, fjármál öllum almenningi opnar osvfl., vefur sé bæði leitarvéla og fartækjavænn. Klúbbar geti fengið án endurgjalds undirsíðu sem inniheldur grunnupplýsingar um klúbb ásamt félagatali tengdu beint á gagnagrunn umdæmisins. Umdæmið reki fjölpóstþjón sem við heldur póstlistum um gagnagrunns tengingu við félagatal þannig að hægt sé að senda á flokka embættis manna td. forseta og eða ritara í stökum svæðum eða jafnvel allt umdæmið. Hvíta bókin ásamt ýmsum upplýsingum fyrir embættis menn verði aðgengilegt á netinu á fartækja vænum vef. Dagatal fyrir embættis menn sem hefur alla gjalddaga skila daga á skýrslum svæðisráðsfuni og umdæmisþingi, sé aðgengilegt á netinu og embættismenn geti á einfaldann hátt vistað í dagatal í síma og/eða tölvu. Leita skal leiða til að gera þetta á hagkvæmasta mögulegan hátt.*

*Ályktunin var samþykkt.*

*Guðni Guðmundsson Mosfelli, Jóhann Sveinbjörnsson og Ágúst Magnússon Búrfelli*





## ÖNNUR MÁL

Lesið var upp bréf, frá umdæmisstjórn, varðandi stífkrapaverkefnið.

Sátu félagar hljóðir, eftir lesturinn. Erindi bréfsins hljóðaði upp á, að klúbbarnir yrðu að “spíta í lófana” og gerast gull eða silfur klúbbar. Kaupa stjórnur handa framúrskarandi félögum og leggja ákveðna upphæð, á hvern féлага, til að ná umsamdri upphæð í heimssöfnunina. Höfðu menn á orði, að litlar upplýsingar hefðu borist frá umdæminu, um stöðu verkefnisins og þá helst að, enginn nefndarmanna kannaðist við, nefndan bækling. Óskað var eftir því að klúbbar fengju hann afhentan.

Að uppfylla þær kröfur sem settar voru fram í bréfinu, í ljósi fyrri umræðna, gæti riðið klúbbunum að fullu. Klúbbarnir fá meðbyr af þeim styrkjum sem þeir veita í heimabyggð og nærsveitarsamfélagi. Það eru þær gjörðir sem fá inn nýja féлага og fær fólk til þess að styrkja hreyfinguna. Ekki eitthvert óþekkt verkefni, sem auðvitað er þarft, en því miður lítið kynnt til að styrkja Kíwanishreyfinguna í sessi.



*Ólafur Þ. Guðmundsson, svæðisstjóri*

Að lokum var upprifjun um, hvaða klúbbar skyldi útnefna kjörumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2015 -16 og kemur það í hlut Eldfells að tilnefna næsta kjörumdæmisstjóra. Verður sú tilnefning, að koma á næsta svæðisráðsfundi. Svo hægt sé, að bera hana undir atkvæði, að hausti.

Núverandi kjörumdæmisstjóri fékk svo staðfesta kosningu. Líklega hafði það gleymst á síðasta fundi.

Svæðisstjóri slítur fundi kl. 16.15

*Þórarinn F. Gylfason, svæðisritari*

*Didrik Haraldsson, Búrfelli og gestur. Magnús Þorvaldsson, Mosfelli*

